

Priðjudaginn 19. desember 1967.

Nr. 193/1967. **Prentsmiðja Jóns Helgasonar h/f**
 gegn
Haraldi Jóhannssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. nóvember 1967, sem hingað barst 5. desember s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, kveðinn upp 13 nóvember 1967, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Hér fyrir dómi hefur sóknaraðili lagt fram vottorð Mannatalsskrifstofu Reykjavíkurborgar þess efnis, að varnaraðili sé „... skráður í manntal að Lindargötu 10, Reykjavík“, og vottorð húsráðanda að Lindargötu 10, sem kveðst hafa fengið endurrit stefnunnar í hendur og sent varnaraðilja það strax með bréfi.

Mál þetta mátti sóknaraðili reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936. Varnaraðili á lögheimili að Lindargötu 10 hér í borg, og var því samkvæmt 95. gr. laga nr. 85/1936 rétt að birta honum þar stefnu í málinu. Voru því eigi ástæður til að vísa máli þessu frá dómi. Er hinn kærði dómur því felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur. Er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Prentsmiðju Jóns Helgasonar h/f, á hendur varnaraðilja, Haraldí Jóhannssyni.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. okt. s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. ágúst s.l., af Prentsmiðju Jóns Helgasonar h/f, Síðumúla 8, Reykjavík, gegn Haraldí Jóhannssyni til heimilis að Lindargötu 10, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 9.527.15 með 6% ársvöxtum frá 9. sept. 1963 til 12. júní 1965, en 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt reikningi, dags. 9. september 1963, sem hafi verið fyrir prentun á ritinu Víðsjá, 1. hefti 1. árgangs, samtals 500 eintök. Sé skuldin prentunarkostnaður hjá prentsmiðju stefnanda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Af skjölum málsins má ráða, að stefnan hefur verið birt fyrir Jórunni Björnsdóttur að lögheimili stefnda, Lindargötu 10, Reykjavík. Enn fremur, að stefndi dveljist nú erlendis, í Kúala Lumpur í Malaysiu. Eins og aðstæðum er háttað í máli þessu, verður birting á heimili stefnda ekki talin lögleg, heldur bar stefnanda að reyna að birta stefnuna fyrir stefnda sjálfum, sbr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Verður því ekki hjá því komizt að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.